



FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 25. mars 2015, kl 16.30 var fundur haldinn í tómstunda- og menningarmálanefnd Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins. Á fundinn voru mætt: Sigurlaug Ingimundardótti, Guðlaug Grétarsdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, Róbert F. Gunnarsson og Magnús B. Jónsson.

Sigurlaug Ingimundardóttir, formaður setti fundinn.

1. Bæjarhátíðir.

Fundarmenn yfirfóru helstu niðurstöður hátíðarfundar sem haldinn var 13. nóvember 2014. Á þeim fundi var kannað og rætt hvaða hugmyndir íbúar hafa um bæjarhátíð á Skagaströnd og rætt um hvort, hvenær og hvernig slíkar hátíðir verði haldnar. Nefndin fór yfir þau gögn sem tekin voru saman á þeim fundi með það í huga að vinna úr þeim hugmyndum sem þar komu fram. Mikil umræða varð um mögulega hátíð í ljósi þeirra niðurstaðna sem urðu á fundinum. Ákveðið að næsta skref verði að ræða við formenn félagasamtaka á Skagaströnd um mögulega aðkomu þeirra að hátíðahaldi.

2. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 18.00

Sigurlaug Ingimundardótti,

Guðlaug Grétarsdóttir,

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir,

Róbert F. Gunnarsson

Magnús B. Jónsson